

# ÖKUS1SA05

Búið til: Fri, 14 Jun 2024 08:53:31 GMT

## Titill

Undirbúningur fyrir ökunám

## Skammstöfun

ÖKUS1SA05

## Útgáfunúmer

2

## Námsgrein

Ökunám

## Viðfangsefni

Undirbúningur fyrir ökunám

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

1

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að búa nemendur undir ökunám og bóklega hluta ökuþrófs. Farið er yfir námsefni sem lagt er til grundvallar almennu ökuþrófi með áherslu á lög, umferðarmerki, götumerkingar, umferðarmenningu og hegðun í umferðinni, reglur og viðhorf til umferðar með áherslu á jákvæð viðhorf til tillitssemi og ábyrgðar í umferðinni. Nemendur fá að spreyta sig á verkefnum tengt efninu, bæði á netinu og á verkefnablöðum. Þá verða farnar vettvangsferðir út í umferðina þar sem fræðilegi hlutinn er tengdur við raunverulegar aðstæður í umferðinni. Unnið er markvisst að undirbúningi nemenda fyrir almennt ökuþróf. Reynt verður að hafa æfingar við áhuga, hæfi og getu hvers og eins. Notaðar verða æfingar til að festa umferðarmerkin í minni, horft á myndbönd úr umferðinni og annað sem gæti nýst nemendum.

### Forkröfur

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirbúningi sem þarf til að fá ökuréttindi
- réttindum sínum og skyldum varðandi ökunám
- mikilvægi þess að kunna umferðarreglur
- skilja þá ábyrgð sem felst í því að keyra bíl

#### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna sjálfstætt
- þekkja réttindi sín og skyldur varðandi ökunám
- nota netið til að auðvelda sér ökunámið
- þekkja helstu umferðareglur og merki
- spyrja ef hann skilur ekki

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leysa verkefni sjálfstætt

- geta nýtt sér viðeigandi stuðningstæki s.s. tölvur og gagnvirk efni
- þekkja helstu umferðareglur og umferðamerki
- átta sig á ábyrgðinni sem felst í því að stjórna ökutæki
- nota netið til að auðvelda sér ökunámið
- undirbúa bóklegt ökunámmeta þá aðstoð sem hann mögulega þarf og hefur rétt á

**Námsmat**

**Skólar**

**Fyrirmynd**